

55  
14. júní

## L Ö G

um

**breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Fyrri málsg. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verzlun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jónas Jónsson.*

56  
14. júní

## L Ö G

um

**breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig:

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfé-

lagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabóta-kröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr. 56  
14. júní

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslensk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgr., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbréf eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

#### 2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

#### 3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Tryggvi Þórhallsson.*